

Reykjavík, 6. apríl 2022

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (stjórn Landspítala), 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 617 — 433. mál.

Vísað er til meðfylgjandi umsagnar Háskólans, dags. 31. janúar sl., um drög að þessu frumvarpi sem sett voru fram í samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekuð eru þau sjónarmið Háskóla Íslands sem reifuð voru í þeirri umsögn og áréttað að í ljósi hins nána og víðfeðma samstarfs Háskóla Íslands og Landspítala við menntun heilbrigðisstarfsfólks og vísindarannsóknir er einkar mikilvægt að Háskólinn eigi fulltrúa í þeirri stjórn sem ráðgert er að spítalanum verði sett skv. frumvarpinu. Þeim sjónarmiðum er ekki mætt í frumvarpinu. Í því efni er jafnframt minnt á mikilvægi þessa samstarfs fyrir nýliðun starfsfólks Landspítala og vísinda- og nýsköpunarstörf sem tengja stofnanirnar.

Virðingarfyllst,

Jón Atli Benediktsson, rektor

Um drög frumvarps um skipan stjórnar Landspítala

Reykjavík, 31. janúar 2022

Umsögn um drög frumvarps í samráðsgátt stjórnvalda um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem kveður á um skipan sjö manna stjórnar Landspítala.

Um er að ræða lið í innleiðingu þeirra áherslumála sem fram koma í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar þar sem kveðið er á um að staða og hlutverk Landspítala sem mikilvægustu heilbrigðisstofnunar landsins verði styrkt og sérstök áhersla lögð á að fylgja eftir uppbyggingu gjörgæslu og bráðadeildar. Stjórn spítalans er ætlað að gegna stefnumarkandi hlutverki í þeirri þróun og tryggja frekari faglegan rekstur spítalans. Þá kemur fram að stjórninni er ætlað „að marka spítalanum langtímastefnu í samræmi við stefnumörkun ráðherra en einnig að staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun. Í þessu felst enn fremur að stjórninni sé ætlað að bera ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits innan Landspítala með reglubundnum aðgerðum og ráðstöfunum til að stuðla að hagkvæmni í rekstri, öryggi fjármuna, áreiðaleika upplýsinga og að markmiðum starfseminnar sé náð.“

Háskóli Íslands og Landspítali eiga (og hafa um áratugi átt) mjög náið samstarf um menntun heilbrigðisstarfsfólks, s.s. lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkrahjálfara, tannlækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, matvæla- og næringarfræðinga og lýðheilsuvísindamanna – og sömuleiðis og ekki síður á sviði rannsókna og nýsköpunar í heilbrigðisvísindagreinum í víðum skilningi. Landspítalinn er háskólasjúkrahús landsins. Hluti akademískra starfsmanna háskólans í þessu greinum er jafnframt og samhliða starfsmenn spítalans. Hvor aðili um sig getur ekki án hins verið er kemur að menntun og vísindarannsóknum á heilbrigðisvísindasviði, enda er öflug vísindastarfsemi undirstaða góðrar menntunar og þar með góðrar heilbrigðisþjónustu.

Á undanförunum árum hafa þessi viðfangsefni, menntun og vísindi, átt erfitt uppdráttar innan spítalans, einkum vegna þröngrar stöðu sem vísindastarfseminni hefur verið sett í vegna þrenginga í fjármálum og rekstri. Þannig leiðir nýleg spurningakönnun í ljós að um 90% starfsmanna sem gegna samhliða starfi við spítalann og háskólann telja sig ekki hafa tíma til að sinna vísindarannsóknum, nema þá helst á kvöldin og um helgar í frítíma sínum. Ítarleg greining á vegum NordForsk á framleiðni og gæðum rannsókna sem tekur til allra norrænu háskólanna og háskólasjúkrahúsanna vegna ára 1999-2015 leiðir í ljós að Landspítalinn hefur dregist mjög aftur úr á þessu árabili. Á lista Times Higher Education (THE) eru sömuleiðis vísbendingar um að staða klínískra heilbrigðisvísinda innan háskólans í samanburði við aðrar vísindagreinar háskólans hafi versnað. Dæmi þar um er samanburður fyrir árin 2018-2020, þar sem fram kemur að klínísk heilbrigðisvísindi innan HÍ féllu úr 176.-200. sæti árið 2018 niður í 401.-500. sæti árið 2020 – á meðan aðrar greinar háskólans héldu hlut sínum í sætum 126-300 í flestum tilvikum. Þetta er þrátt fyrir að allnokkrar greinar heilbrigðisvísinda raðist ofar á listunum. Staða klínískra heilbrigðisvísinda er þannig mun veikari en flestallra annarra fræðasviða innan háskólans. Þetta er mikið áhyggjuefni. [sjá grein Magnúsar Gottfreðssonar, prófessors um málefni rannsókna á spítalanum í Vísbendingu 17. september sl.]

Vakið er máls á þessu af hálfu Háskóla Íslands í þeim tilgangi að brýna stjórnvöld til þess að tryggja til frambúðar viðgang vísindastarfseminnar innan spítalans og renna styrkum stoðum undir framþróun spítalans sem háskólasjúkrahúss í nánu samstarfi við Háskóla Íslands. Í því

samhengi er einkar mikilvægt að Háskóli Íslands eigi tvo fulltrúa í þeirri stjórn sem ráðgert er að spítalanum verði sett.

Virðingarfyllst,

Jón Atli Benediktsson, rektor